876 2026
HRUNAMANNAHREPPUR
1150 ÁRA

PÉSI

36. ÁRGANGUR | 404 TBL. JÚNÍ 2026

Athugið!
Næsti Pési kemur út **3. júlí**. Efni þarf að berast fyrir **30. júní**.

Frá landnámi til framtíðar

Höldum hátíð og fögnum 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps

Hátíðar-dagskrá og viðburðir
framundan inni í blaðinu!

Please note that on the website fludir.is, you can translate everything, with one click, to English, Polish, and Romanian.

1150 ára afmælis Hrunamannahrepps

Ákvörðun um afmælisár Hrunamannahrepps byggist á heimildum úr Landnámu, skrifum fróðra manna og ályktunum þar sem beinar heimildir skortir. Engin nákvæm heimild er til um það ár sem landnám hófst í Hrunamannahreppi og því þarf afmælisárið að byggjast á rökstuddu mati. Markmiðið er að nálgast sögulegan sannleika eins vel og unnt er, með virðingu fyrir þeim heimildum sem varðveist hafa.

Elstu heimildir um landnámið er að finna í Landnámu. Þar segir frá Naddoddi, sem kom til landsins með sonum sínum, Má og Bröndólfi. Már byggði Másstaði og Bröndólfur Berghyl í Hrunamannahreppi. Naddoddur nefndi landið Snæland og hélt síðar aftur utan. Ekki er þó sagt að synir hans hafi farið með honum, enda kemur fram að þeir hafi byggt bú sín hér í sveit.

Síðar komu fleiri landkönnuðir til Íslands. Garðar Svavarsson nefndi landið Garðarshólma og Flóki Vilgerðarson gaf því nafnið Ísland. Um árið 874 kom Ingólfur Arnarson síðan til landsins í þeim tilgangi að nema Ísland og er almennt miðað við að hið eiginlega landnám hefjist þá. Landnámi er talið hafa lokið árið 930, sama ár og Alþingi var stofnað.

Óvíst er hvenær Naddoddur kom með syni sína til landsins. Það gæti hafa verið nokkrum árum fyrir 874 og hugsanlegt er að Hrunamannahreppur hafi verið fullnuminn um árið 876. Ef það ár er lagt til grundvallar má færa rök fyrir því að halda upp á 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps árið 2026. Einnig styrkir það þessa ályktun að Þorbjörn jarlakappi keypti land í Hrunamannahreppi af Mávi Naddoddssyni skömmu eftir 874, sem bendir til þess að Már hafi þá þegar búið hér um nokkurt skeið.

Hreppar voru frá fornu fari landfræðilegar samvinnu- og framfærslueiningar. Hrunamannahreppur hefur frá upphafi verið landfræðilega skýrt afmarkaður. Hreppurinn var smæsta eining íslensks samfélags að fjölskyldu og heimili frátöldum. Hreppsbændur héldu með sér þrjár reglulegar samkomur á ári og kusu sér foringja, fimm sóknarmenn, venjulega úr hópi lögskilabænda.

Hrunamannahreppur er elsta varðveitta hreppanafnið sem kemur fyrir í Landnámu. Hinir þrír hrepparnir sem þar eru nefndir hafa síðar sameinast öðrum sveitarfélögum. Hrunamannahreppur dregur nafn sitt af höfðingjasetrinu Hruna, aðsetri goðans. Menn á þeim bæ voru kallaðir Hrunamenn og færðist það heiti síðar yfir á hreppinn allan.

Esther Guðjónsdóttir
Formaður afmælisnefndar

Frá landnámi til framtíðar!

Kæru Hrunamenn og aðrir lesendur!

Árið 2026 fagnar Hrunamannahreppur 1150 ára afmæli. Því er Pésinn nú undirlagður dagskrá afmælisársins og ekki síst dagskrá komandi afmælishelgar. Hér má finna fjölbreytta dagskrárliði og nú höfum við reynt að safna saman, á einum stað, árlegum viðburðum í bland við aðra nýrri. Vil ég hvetja íbúa til að kynna sér dagskrána vel og muna svo að njóta þess sem er í boði. Hér eiga allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Yfirskriftin „Frá landnámi til framtíðar" fangar vel anda hátíðarhaldanna sem framundan eru. Þar er bæði horft aftur í tímann til sögunnar og landnámsins en einnig horft með bjartsýni til framtíðar.

Saga Hrunamannahrepps nær allt aftur til landnámsaldar, þegar fyrstu landnámsmennirnir námu land í þessari fallegu og gjöfulu sveit. Í gegnum aldirnar hefur samfélagið mótast af náttúrunni, landbúnaði, samstöðu og dugnaði íbúanna. Fjöll, ár, hverir og gróskumikið landið hefur skapað einstakan ramma um mannlíf sem byggir á virðingu fyrir umhverfinu og sterkum tengslum milli kynslóða.

Á afmælisári gefst því ekki aðeins tilefni til að líta um öxl og gleðjast yfir því sem áunnist hefur heldur einnig er þetta gott tækifæri til að fagna því sem Hrunamannahreppur er í dag og öllum þeim tækifærum sem framtíðin býður uppá.

Hér hefur byggst upp öflugt samfélag með fjölbreyttu atvinnulífi, menningu, skólastarfi og þjónustu. Íbúar hafa sýnt að með samvinnu, framsýni og væntumþykju í garð sinnar heimabyggðar má skapa samfélag þar sem gott er að búa og starfa en einnig og ekki síður að staldra við um stund sem gestur.

Við þurfum að muna að saga okkar allra er ekki aðeins geymd í bókum eða minjum, heldur lifir hún í fólkinu, heðunum og daglegu lífi þeirra sem hér búa. Framtíðin byggir á þeim grunni sem fyrri kynslóðir lögðu, en hún kallar líka á nýjar hugmyndir og áframhaldandi vöxt.

Á 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps sameinast fortíð, nútíð og framtíð í hátíð sem heiðrar sögu sveitarinnar og fagnar þeim möguleikum sem fram undan eru. Frá landnámi til framtíðar er því ekki aðeins slagorð, heldur loforð um að varðveita arfleifðina og byggja áfram sterkt, lifandi og stolt samfélag.

Til hamingju með afmælið Hrunamenn.

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri.

876 2026
HRUNAMANNAHREPPUR
1150 ÁRA

12. JÚNÍ
FÖSTUDAGUR

17:00 – 23:00

Fjör á Flúðum - rölt á milli viðburða á veitingahúsunum á Flúðum.

Nánari dagskrá verður auglýst á samfélagsmiðlum í næstu viku.

13. JÚNÍ
LAUGARDAGUR

Íbúar Hrunamannahrepps draga fána að húni og fagna deginum.

11:30

Sveitarstjórn og afmælisnefndin taka á móti forseta Íslands, frú Höllu Tómasdóttur og sýna henni valda staði á Flúðum.

13:15

Forseti mætir að félagsheimilinu og hittir íbúa og aðra gesti.Allir velkomnir og börn sérstaklega til að hitta forsetann.

Þeir sem hafa tök á eru hvattir til að mæta í þjóðbúningi.

13:30

Hátíðardagskrá hefst í Félagsheimili Hrunamanna.

- Kynnir er Óskar Snorri Óskarsson.
- Karlakór Hreppamanna
- Ávarp oddvita, Jóns Bjarnasonar.
- Ávarp forseta Íslands, frú Höllu Tómasdóttur.
- Bjarni Harðarson - að vera nágranni Hrunamanna.
- Sr. Óskar H. Óskarsson - kostir þess að vera Hrunamaður.

15:00

Að lokinni hátíðardagskrá er öllum boðið að gæða sér á fjölbreyttum veitingum af gnægtaborði Hrunamannahrepps.

15:00

Dagskrá fyrir börn um landnám í Hrunamannahreppi í bókasafninu

„Það gleymdist að taka með fress"

Sagan er sögð með myndateppum sem Gudrun Kloes saumar og hannar og lýsa landnámi og landslagi í Hrunamannahreppi út frá sjónarhorni kattar.

16:00

Söguskilti afhjúpuð í miðbæ Flúða.

16:30

Ullarverið – tónleikar með Hróðmari Sigurðssyni og Ingibjörgu Turchi.

20:00

Hrunatónar í félagsheimilinu
- tónleikar og skemmtun.

Hrunamannahreppur hefur alið marga topp listamenn. Á þessum tónleikum verður farið yfir örlítinn hluta þeirra í söng og tónlist.

Frítt inn fyrir alla fjölskylduna.

AÐRIR VIÐBURÐIR LAUGARDAGINN 13. JÚNÍ

12:00 – 17:00

Víkingaþorp í Lækjargarðinum. Félag víkinga, Rimmugýgur, reisir þorp úr tjöldum

og verða þau með markað og vopnaskak að hætti landnema.

12:00 – 17:00

Aparóla, hoppukastalar og leiktæki í Lækjargarðinum.

10:00 – 14:00

Secret Lagoon býður íbúa sveitarfélagsins sérstaklega velkomna í tilefni af 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps. Milli kl. 10:00 og 14:00 þann dag fá þeir sem gefa upp lykilorðið „HRUNAMANNA-HREPPUR" frían aðgang að lóninu.

Börn 16 ára og yngri þurfa að vera í fylgd foreldra.

10:00 – 12:00

Hrunalaug - opið hús.
Kynning á uppbyggingunni sem átt hefur sér stað í og við Hrunalaug síðustu ár. Heitt á könnunni og allir velkomnir að rölta um svæðið.

10:00 – 14:00

Apótek Suðurlands, Hrunamannavegi 3.

20% afsláttur af fjölda vara föstudag og laugardag.

7:00-18:30

Sólskinsbúðin - pop-up tómataþema.

Smakk og fjölbreytt úrval af matvöru sem unnin er úr gómsætum íslenskum tómötum.

14. JÚNÍ
SUNNUDAGUR

11:00

Dagskrá fyrir börn um landnám í Hrunamannahreppi í bókasafninu.

„Það gleymdist að taka með fress".

Sjá lýsingu á laugardeginum.

14:00

Guðsþjónusta í Tungufellskirkju

Kirkjukaffi hjá ábúendum að Tungufelli að messu lokinni. Verið öll velkomin.

13.00–16.30

Golfklúbburinn Flúðum - golfþrautir með vöffluverðlaunum.

Settar verða upp þrjár stöðvar þar sem félagar úr klúbbnum kynna ýmislegt sem tengist golfi. Áhugasamir fá afhent kort og safna einum límmiða á hverri stöð. Í lokin er svo hægt að skipta kortinu út fyrir vöfflu með sultu og rjóma í Kaffi-Sel á milli kl. 14.00 og 17.00 þennan sama dag.

ALLA HELGINA

Kaffi Sel, veitingastaður við golfvöllinn, býður 1.150 kr. afslátt af öllum pizzum laugardag og sunnudag vegna afmælis Hrunamannahrepps.

Ullarverið er með opið laugardag og sunnudag milli kl. 11:00 og 18:00. Kynning á nýju Íslensku ullargarni, ull úr Hrunamannahreppi. Framleitt af Ullarverinu.

Hús minninganna að Suðurbrún 7 á Flúðum er opið laugardag kl. 10-17 og sunnudag kl. 12-16.

Spennandi ratleikur fyrir börn hefur verið settur upp af starfsfólki VISS á Flúðum í tilefni af afmælishátíð Hrunamannahrepps. Leitið að víkingaskjöldunum sem faldir eru á Högnastaðaásnum og í Lækjargarðinum og spreytið ykkur á vísbendingunum.

VIÐBURÐIR FRAMUNDAN Í HRUNAMANNAHREPPI

JÚNÍ

17. júní – miðvikudagur

Þjóðhátíðardagur Íslendinga
- sjá dagskrá á baksíðu.

26.-28. júní

Flughátíðin Vængir
Opið hús verður á flugvellinum við Flúðir laugardaginn 27. júní milli kl. 13:00 og 15:00 . Hægt verður að skoða flugvélar á staðnum. Vöfflukaffi verður í boði fyrir gesti og karamellum mun rigna yfir flugvöllinn kl. 15:00.

JÚLÍ

9.-12. júlí

Körfuboltabúðir á Flúðum
Afbragðs þjálfarar úr fremstu röð. Undanfarin ár hefur verið uppselt.

25. júlí, laugardagur

Bylgjulestin verður á Flúðum
Nánar auglýst síðar.

ÁGÚST

31. júlí - 3. ágúst

Flúðir um Versló

Fjölbreytt dagskrá alla helgina. Traktorstorfæran verður á sínum stað á laugardeginum og Furðubátakeppnin á sunnudeginum verður helguð 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps. Nánari dagskrá verður gefin út þegar nær dregur.

Í ágúst verður lokahátíð Sumarlestrar 2026 í bókasafninu.

SEPTEMBER

31. ágúst – 6. september

Heilsuvika Hrunamannahrepps
Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Meðal annars fyrirlestur um heilsu og heilaþoku. Fjölbreytt útivist, ungbarnasund og margt fleira. Nánar kynnt síðar.

5. september, laugardagur

Uppskeruhátíð Hrunamanna
Fjöldi fyrirtækja kynnir afurðir sínar og geta gestir gert mjög góð kaup og átt góðan dag í Hrunamannahreppi. Eitthvað fyrir alla, börn sem fullorðna.

11. september, föstudagur

Hrunaréttir
Réttað í Hrunaréttum með tilheyrandi fjöri. Byrjað er að draga kl. 10:00.

12. september, laugardagur

Réttarball Uppsveitanna
Hið árlega réttarball Uppsveitanna verður haldið í Reiðhöllinni á Flúðum.

Réttarvikan á bóksafninu
Eldri Hrunamenn segja frá undirbúningi, smölun og réttum fyrri ára.

OKTÓBER

1. október, fimmtudagur

Myndakvöld,
„Hressir Hreppamenn fyrri ára"
Sýning á gömlum myndum úr Hrunamannahreppi í samvinnu við Héraðsskjalasafn Árnesinga, ljósmyndasafn.

10. október, laugardagur

Hrútasýningin í reiðhöllinni
Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna efnir til

glæsilegrar hrútasýningar í Reiðhöllinni á Flúðum. Sýndir verða hrútar í ýmsum flokkum og er sýningin ávallt skemmtilegur viðburður í sveitarfélaginu.

24. október, laugardagur

Singalong partý
Brokkkórinn, kór hestafólks af höfuðborgarsvæðinu heldur „singalong" partý í Félagsheimilinu á Flúðum. Kórmeðlimir lofa góðu stuði og hlakka til að skemmta Hrunamönnum og nærsveitungum.

24. október, laugardagur

Viðburður á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps
Nánar auglýst síðar.

Hrekkjavaka í bókasafninu
Lesið upp úr bókum sem fjalla um hrekkjavöku. Hrekkjavökubúningar, grikk eða gott.

Barnasýning í bókasafninu
Bókasafnið býður börnum á leiksýningu í tilefni af afmælisári.

NÓVEMBER

3. nóvember, þriðjudagur

100 ára afmæli Huppu
Dagskrá tileinkuð Huppu frá Kluftum en þennan dag eru 100 ár liðin frá fæðingu hennar. Umsjónaraðilar eru Búnaðarsamband Suðurlands og Nautgriparæktarfélag Hrunamanna.

Lesið í ljósið
Dagskrá í bókasafninu sem fjalla mun um samspil ljóss og skugga.

Karlakvöld Karlakórs Hreppamanna
Hrossakjötsveisla með hefðbundnu sniði.

Afmælissýning frá Listasafni Árnessinga
Listsýning í bókasafninu með nýstárlegum hætti á verkum er tengjast svæðinu.

DESEMBER

5. desember, laugardagur

Jólamarkaður
Hinn árlegi jólamarkaður Hrunamannahrepps verður haldinn í félagsheimilinu fyrsta laugardaginn í desember. Sölubásar og skemmtun.

Upplestur á aðventu í bókasafninu
Valinkunnir Hreppamenn lesa úr jólabókunum. Piparkökur og kakó.

Jólaball Kvenfélags Hrunamannahrepps
Hið árlega jólaball kvenfélagsins verður á sínum stað milli jóla og nýárs.

JANÚAR

Úrslit í ljósmyndasamkeppni afmælisársins tilkynnt, viðurkenningar veittar og sýning opnuð á verðlaunamyndunum.

MARS

6. mars 2027

Hjónaball Hrunamanna

APRÍL

3. apríl 2027

40 ára stórafmælistónleikar Karlakórs Hreppamanna

Nánari dagskrá má finna á www.fludir.is og á Facebook-síðu Hrunamannahrepps.

Þar munu einnig birtast upplýsingar um fleiri viðburði sem bætast munu við eftir því sem líður á árið. Ef þú vilt halda viðburð endilega sendu upplýsingar um viðburðinn með mynd, tímasetningu og stuttri kynningu á viðburðinum og honum verður þá bætt við afmælisdagskrána.

17. JÚNÍ Á FLÚÐUM

11:30 17. júní hlaupið á fótboltavellinum

Nánara fyrirkomulag hlaupsins auglýst sér

12:30 Barnaskemmtunin Innblástur í félagsheimilinu

13:00 Skrúðganga leggur af stað frá félagsheimilinu

Hátíðardagskrá í Félagsheimili Hrunamanna

Að lokinni skrúðgöngu

Sr. Óskar H. Óskarsson flytur hugvekju
Fjallkonan flytur ljóð
Árni Þór Hilmarsson flytur hátíðarræðuna
Viðurkenning veitt íþróttamanni ársins
Umhverfisviðurkenningar veittar

Eftir hátíðardagskrá:

Kassaklifur og hoppukastalar í **Lækjargarði**

Vatnsrennibraut í **Kvenfélagsskógi kl. 14:30-16:00**

ærslabelgir, strandblak, frisbígolf, aparóla

Sundlaugin verður opin kl. 10-20:30. Tilvalið að skella sér í sund eftir vatnsrennibrautina - frítt í sund milli kl. 15-18

Sundlaugarpartý kl. 16:00-18:00. Bogi verður settur upp fyrir hanaslag, auk þess sem boðið verður upp á krapvél og tónlist.

Nánar auglýst á facebook viðburði, 17. júní á Flúðum 2026

2026

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir *(hruni@fludir.is)*
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Svansvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600
pesi@fludir.is
www.fludir.is